

Föstudaginn 14. janúar 1994.

Nr. 329/1993.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)

gegn

Magnúsi Karlssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Erni Karlssyni

(Örn Clausen hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu beggja ákærðu, sem krefjast sýknu, og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 5. ágúst 1993 til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var flutt munnlega í héraði 6. maí 1993, en dómur eigi kveðinn upp fyrr en 15. júlí, er rúmar 10 vikur voru liðnar frá dóm-töku þess. Slíkur dráttur á dómsuppsögu hlýtur að rýra mjög gildi munnlegs málflutnings. Var óhjákvæmilegt, úr því sem komið var, að héraðsdómari tæki málið upp aftur og léti flytja það munnlega á ný, en það fórst fyrir. Er málsmeðferð að þessu leyti svo andstæð brýnum fyrimælum 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að eigi verður hjá því komist þrátt fyrir skýringu dómara á drættinum að ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppkvaðningar dóms að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 6. maí 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Hilmars Ingimundarsonar og Arnar Clausen, 35.000 krónur til hvors.
